

Breytingartillaga

við frv. til fjáráukalaga fyrir árið 2001.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar (ÓÖH, EOK, ArnS, KPál, ÍGP, DrH, TIO).

1. Við 4. gr. Nýir liðir:
 - 1.4 Að fella niður ábyrgðargjöld skv. 6. gr. laga nr. 121/1997, um ríkisábyrgðir, sem lögð voru á Íbúðalánasjóð fram að gildistöku laga nr. 70/2000 sem undanþiggja sjóðinn greiðslu gjaldsins.
 - 6.7 Að selja ferjuna Fagranes og nota söluandvirðið til uppgjörs vegna Djúpbátsins hf.
 - 7.33 Að kaupa fasteignirnar Breiðöldu 5 og 7 á Hellu, Rangárvallasýslu, og nýta þær sem bráðabirgðahúsnæði vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi.
 - 8.27 Að heimila Rafmagnsveitum ríkisins að kaupa Rafveitu Sauðárkróks og taka til þess nauðsynleg lán.
 - 8.28 Að kaupa nýtt hlutafé í Íslenska járnblendifélaginu hf.
2. Við 4. gr. Breyttir liðir:
 - a. Liður 2.31 í lögunum orðast svo: Að selja fasteignina Skólalabru 2, Reykjavík, og ráðstafa andvirðinu til fasteigna Alþingis.
 - b. Liður 5.4 í lögunum orðast svo: Að selja hlut ríkissjóðs í Stofnfiski hf. og verja hluta af andvirðinu til greiðslu skulda Laxeldisstöðvar ríkisins við Endurlán ríkisins.